

# LOVE3SR05 fjarnám

## Námsáætlun vorönn 2024



Verkefnaskólinn á Akureyri

<b>Kennari</b>	Kristjana Pálsdóttir Margrétardóttir	<b>Sk.st.</b>	KPM
----------------	--------------------------------------	---------------	-----

## Lokaverkefni brautar

### Áfangalýsing:

Í áfanganum vinnur nemandi á síðasta námsári lokaverkefni sem byggist á fræðilegri þekkingu á námssviði/sérgrein hans. Áfanginn gefur möguleika á þverfaglegu samstarfi, þó er gert ráð fyrir að nemandinn velji efni tengt sinni braut. Nemandinn fær kennslu í helstu aðferðum rannsókna og þjálfun í þeim fræðilegu vinnubrögðum sem tíðkast við vinnslu og frágang verkefna. Krafist er vitsmunalegrar og verklegrar leikni til að vinna verkefnið og ætlast er til að nemandinn öðlist hæfni til að nýta fyrri þekkingu og skilning við úrvinnslu. Mikil áhersla er lögð á sjálfstæð og skapandi vinnubrögð, að nemandinn læri að setja fram skoðanir sínar á faglegan hátt og taki ábyrgð á eigin námi.

### Markmið:

#### Þekkingarviðmið:

##### Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- aðferðum, hugtökum og kenningum ólíkra fræðisviða
- mikilvægi gildra rannsóknargagna og heimilda
- ólíkum rannsóknaraðferðum
- raunhæfri markmiðasetningu og afmörkun viðfangsefna
- tilteknu viðfangsefni sem hann hefur valið sér
- reglum um höfundarrétt og hugmyndum um ritstuld

#### Leikniviðmið:

##### Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- skipuleggja verkefni með ábyrgum og sjálfstæðum hætti
- sýna frumkvæði og skapandi nálgun
- lesa fræðilegan texta á íslensku og erlendu tungumáli
- vinna úr heimildum samkvæmt viðurkenndum reglum um meðferð þeirra
- beita viðeigandi aðferðum við útfærslu verkefnisins s.s. uppbyggingu og framsetningu
- tjá sig á skýran, ábyrgan, gagnrýninn og skapandi hátt um eigið verkefni

#### Hæfniviðmið:

##### Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- þróa hugmyndir og sýna sjálfstæði, áráðni og innsæi við útfærslu þeirra og túlkun
- greina, tjá sig um og meta eigin verkefni og annarra af þekkingu, víðsýni og virðingu
- nýta fyrri reynslu, þekkingu og skilning við úrlausn nýrra viðfangsefna
- breyta hugmynd í afurð
- átta sig á virði verkefnisins og menntunar sinnar fyrir samfélag og atvinnulíf
- vera meðvitaður um styrkleika sína
- gera raunhæfa verkáætlun og framfylgja henni

## LOVE3SR05 fjarnám Námsáætlun vorönn 2024

### Námsgögn:

Gögn frá kennara gerð aðgengileg á vef áfangans á **Moodle**.

Vefur ritvers HÍ um APA staðalinn: <https://ritver.hi.is/is/apa/skraning-heimilda-apa>

Vefur HR um APA staðalinn: <https://bokasafn.ru.is/friendly.php?s=apa>

### Áætlun um yfirferð og fyrirlögn námsmatsþátta:

Tímabil (vikunúmer/lotunúmer)	Námsefni (verklegt og bóklegt)	Heimavinna/verkefni	Vægi námsmatsþátta
Vika 3-5	Hugstormun, kynning á bókasafni, öflun heimilda og mat á gæðum þeirra.  Megindlegar og eigindlegar aðferðir og gerð heimildaritgerða	Gagnaöflun, lestur heimilda, undirbúningur fyrir viðtöl og skipulagning verkefnis	<b>6. febrúar: Verkefni um heimildir og rannsóknarvinnu.</b>  <b>Skila inn hugmyndum að verkefni.</b>
Vika 6-8	Gerð rannsóknaráætlana og efnisgrindar  Lestur heimilda og undirbúningur lokaverkefnis  Gervigreind, kostir og gallar, hvað ber að varast og hvað er hægt að nota	Megindlegar og eigindlegar rannsóknaraðferðir.  Skipulagning verkefnis, gerð efnisgrindar, uppsetning heimildaskrár og mat á gæðum heimilda.	<b>12. febrúar:</b> Skila efnisgrind. 5%  <b>26. febrúar:</b> Fyrstu skil verkefnis 10%  Skil fara fram í Turnitin skilakassa á Moodle.
Vika 9-11	Lokaverkefni	Unnið að lokaverkefni	<b>29. mars:</b> Önnur skil verkefnis 10%  Skil fara fram í Turnitin skilakassa á Moodle. 10%
Vika 12-17	Lokaverkefni	Lokaverkefni lagfært m.t.t. athugasemda.	<b>30. apríl:</b> LOKASKIL lokaverkefnis, vægi 50%
Vika 18-19	Lokaverkefni	Undirbúningur kynningar	<b>Lokaverkefnisdagur 10. maí.</b> Nemendur kynna og verja lokaverkefni sín, vægi 15% Fjarnemendur mæta í VMA og kynna verkefnið. Einnig er kostur á að vera í fjarfundi og kynna.

## LOVE3SR05 fjarnám Námsáætlun vorönn 2024



### Námsmat og vægi námsmatsþátta:

Matsform:	<input type="checkbox"/> Símat	<input type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input checked="" type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþátta		Vægi
Próf	Próf í heimildavinnu og rannsóknaraðferðum 10%.		10%
Undirbúningur	Efnisgrind/rannsóknaráætlun 5%.		5%
Ritun Drög	Heildarútgáfa lokaverkefnis, fyrstu skil 10% og önnur skil 10%.		20%
Ritun Lokaútgáfa	Lokaútgáfa að teknu tilliti til ábendinga eftir fyrstu og önnur skil.		50%
Kynning	Nemendur kynna og verja lokaverkefni sín.		15%
		<b>Samtals:</b>	<b>100%</b>

#### Einkunnir fyrir hvern námsmatsþátt eru birtar í INNU á því formi sem best hentar.

**Annað:** Nemendur velja sér leiðbeinanda með lokaverkefni sínu í samráði við umsjónarkennara í upphafi annar. Lokaútgáfa lokaverkefnis er ekki metin ef nemandi kynnir ekki verkefnið á lokaverkefnisdegi. Skila þarf öllum skilum verkefnis sem og öðrum smáverkefnum.

Í áfanganum er leiðsagnarmat og mun umsjónarkennari fara reglulega yfir verkefni nemenda og veita þeim aðhald. Þó skal alltaf hafa í huga að nemendur bera sjálfir ábyrgð á námi sínu og þurfa að standa skil á verkefnum sínum.

Lögð er áhersla á sjálfstæði, ábyrgð og samvirkusemi nemenda.

Dagsetning: 15. janúar 2024

  
Undirritun kennara

  
Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils